

Helgin 28—29. ágúst. 1982.


Áðalsími Þjóðviljans er 81333 kl. 9-20 mánudag til föstudaga. Utan þess tíma er hægt að ná í blaðamenn og abra starfsmenn bladsins i þessum sínum: Ritstjórn 81382, 81482 og 81527, umbrot 81285, ljósmyndir 81257. Laugardaga kl. 9-12 er hægt að ná í afgreiðslu bladsins í síma 81663. Bláðaprent hefur síma 81348 og eru blaðamenn þar á vakt öll kvöld.

**Aðalsími
81333**

**Kvöldsími
81348**

**Helgarsími
afgreiðslu
81663**

nafn vikunnar



Iðnþróunarfélag
Eyjafjarðarbyggða:
**Finnbogi
Jónsson
ráðinn**

Umsóknarfrestur um starf
framkvæmdastjóra Iðnþróunarfélags Eyjafjarðarbyggða hf. rann út 30. júní sl. Sex umsóknir bárust um starf framkvæmdastjóra, en einn umsækjandi dró síðar umsóknina til baka.

Stjórn félagsins ákvað að fundi sinum 9. ágúst sl. að ráða einn umsækjanda, Finnboga Jónsson verkfræðing sem framkvæmdastjóra félagsins. Er gert ráð fyrir að hann hefji störf hjá félaginu í byrjun nóvember nk.

Allmargir sýndu félagini og framtíðarstarfsemi þess áhuga og buðu fram þjónustu sina á svíði rannsókna og ráðgjafar.

Samtök rafeinda- fyrirtækja fá styrk

A fundi norræna Iðnabarsjóðsins sem haldinn var á Akureyri í vikunni var samþykkt að veita 100 þúsund krónum særskum til Samtaka rafeindafyrirtækja á Íslandi til að vinna 5 ára þróunaráætlun fyrir fyrirtækin. Þá var einnig samþykkt að veita lán til íslensks og særskils aðila sem fást við gerfilimismiði, en skilyrði fyrir lán-eða styrkveitingum er að verkefnin snerti a.m.k. tvö Norðurlandanna. Aðalfulltrúi Íslands í stjórn sjóðsins er Kristmundur Halldórsson deildarstjóri og er hann jafnframt formaður stjórnarinnar þetta ár. Þá á sæti í stjórn sjóðsins einn fulltrúi frá Nordforsk sem er sameiginlegur vettvangur norrænu rannsóknarráðanna, Dr. Vilhjálmur Lüdvíksson, framkvæmdastjóri Rannsóknarráðs ríkisins.

Sjóðurinn hefur aðsetur í Stokkhólmi.




Rúna við gerð veggflisa hjá Bing og Gröndahl.


Þeir eru líklega fáir íslendingarnir sem ekki þekkja fyrirtækinið Bing og Gröndahl og framleiðslu þess. Margar íslenskar fjölskyldur eiga muni frá fyrirtækinu uppá hillu en vörur þess hafa verið seldar hér frá því uppúr aldamótum. Hver þekkir ekki Máfastellið sem er heimilisstolt á mórgum heimilum? Undanarin á má segja að tíska hafi snúið baki við fingerðum postulinshlutum og upphafið í stöndum gróft steintau.

Ungt folk hefur orðað mafastellið við borgaraskap og tildur foreldrakynslödarinnar og kosið sér ódýrari og einfaldari ílát undir hið daglega braud. En smekkur manna fer jafnan í hring og svo er einnig um máfastellið. Nú hefur ungt folk fengið augastað á rómantikinni að nýju, fallegir, gamaldags munir, úr ekta efnum eru það sem unga folkið vill. Og máfastellið er aftur í tisku.

Þetta var stuttur formáli en er einmitt tækifæri fyrir alla þá sem vilja kynna þessum vörum að sjá þær á göngum Kjarvalsstöðum. Þar stendur yfir í nokkra daga umfangsmikil sýning á vörum fyrirtækisins frá því það var stofnað árið 1853 af bræðrum tweimur með eftirnafninum Bing og hinum þriðja, sem het Gröndahl. Sýningin á Kjarvalsstöðum stendur aðeins í fimm daga, eða fram á mánudag, en þetta er ekki sölusýning. Fluttir hafa verið til landsins nokkrir af elstu og verð-



Óglerhúðar postulinsstyttur, biskvi, eftir Thorvaldsen. Styttan er sjálfsmynd frá 1855, þar sem listamaðurinn styður sig við styttuna „Vonin“. Ljós. -gel-



Þetta stell var gert sérstaklega fyrir brúðkaup Kristjáns X 1897.

Bing og Gröndahl á Kjarvalsstöðum

Styttur Thorvaldsens, brúðkaupsstell Kristjáns X. og mavastellið

mætustu hlutunum frá fyrstu árum fyrirtækisins og eru munirnir tryggðir fyrir um 2 miljónir danska króna.

Með sýningunni eru hér 6 Danir, listrásunautar, málara og fleiri. Þeir sýndu blaðamönnum sýninguna og kynntu fyrir þeim fyrirtækinið, auk þess sem blaðamenn fengu að spreytta sig á að mala á postulin. Það verður spennandi að sjá gripina, þegar þeir koma aftur frá Kaupmannahöfn, þar sem þeir verða brenndir og húðadir í verksmiðjunni.

A þessari sýningu er einnig sýndur bordbúnaður, en nokkur félagasamtök og fyrirtæki hafa kreytt bord. Verður sérstök dómnefnd látin velja fegurstu skreytinguna. Parna eru einnig kynntar ýmsar nyjungar í framleiðslunni m.a. steintau og styttrar ýmiss konar, en mest ber þó á hinum fræga handmálaða postulini, vösum, stellum, mæðraplöttum,

jólaplöttum (þarna eru allir jólaplattarnir frá upphafi) óglerhúðuðu postulin, (biskvi) og fleiru.

Tveir íslendingar hafa unnið hjá fyrirtækinu við listhönnun, en það eru þau Bertil Thorvaldsen og Rúna. Styttur Thorvaldsen og rismyndir voru raunar meðal þess fyrsta sem fyrirtækidi framleiði og þarna eru margar af hans fallegustu stytum í smækkaðri mynd. Þá hafa margir af fremstu listamönnum sinnar samtiðar haft tengsl við fyrirtækidi og haft áhrif á þróun þess m.a. Willumsen, Kai Nielsen og Jean Gauguin (sonur franska málara Paul Gauguin) Rúna (Sigrún Guðjónsdóttir) hefur gert veggflisar fyrir fyrirtækidi og eru þær nú sýndar á Kjarvalsstöðum. Þá geta íslendingar spreytt sig á að búa til munstur, en eftir er til samkeppni um bestu diskaskreytinguna. Sýningin verður opin frá 14-22 til mánudagskvölds.

— ps



Bláa blóm, elsta postulinsmynstur sem vitað er um í heiminum, komið frá Kína. Hér er það á borði sem skreytt hefur verið fyrir sýninguna á Kjarvalsstöðum.



Hver kannast ekki við þessar styttrar?